


**GRUNNMYND NEÐRI HÆÐAR**
mkv. 1:100

18. sept 2007
HEILBRIGÐISEFTIRLIT
HAFNARFJARÐAR-
OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
Garðatorgi 7 - 210 Garðabæ

Samþykkt þann
19 SEP 2007
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
F.h. Jón Sigurðsson

## BYGGINGARLÝSING

Á jarðhæð byggingar verður aðstaða fyrir tónlistarmenn í afmörkuðum rýmum. Þar er einnig upptökuver. Á efri hæð er aðstaða fyrir myndlistarmenn, tveir fjölnota salir, kaffihús/veitingaaðstaða með upphækkuðu sviði fyrir uppákomur. Stórar þaksvalir eru í tengslum við veitingaaðstöðu.

Bílastæði á lóð eru 57 (þar af 2 fyrir hreyfihamlaða) í samræmi við stærð byggingarinnar, 1 stæði pr. 30m2, sem gerir 1736m2 / 30 = 57 stæði.

1-ÞAK. Þak sem er loftað timburþak er gert úr 250mm sperrum sem hvíla á límtrésbitum og steyptum útveggjum. Ofan á þær kemur borðaklæðning og PVC þakdúkur. Þakhalli er 1°. Þaksvalir eru gerðar úr 200mm staðsteyptri plötu, en ofan á plötu koma 200mm sniðskorin einangrun, þakdúkur, sandlag og hellur.

2-ÚTVEGGIR. Útveggir eru berandi og gerðir úr járnbentri steinsteypu, einangraðir að innan með steinull og málaðir dökkir. Hluti annarar hæðar er klæddur bárujárni á lektugrind sem fest er á staðsteypta veggi.

3-GLUGGAR. Gluggar eru álklæddir timburgluggar með tvöföldu K-gleri og 14mm loftbili. Hurðir og gluggar eru silfurgráar að lit.

4-SÖKKULL OG GÓLFPLATA. Sökkull og gólfplötur eru úr járnbentri steinsteypu. Einangrað með 100mm steinullareinangrun.

5-INNVEGGIR. Innveggir eru ýmist staðsteyptir eða úr 90mm grind klæddri gipsi. Veggklæðningar eru í flokki 1.

6-HITUN OG LOFTRÆSTING. Byggingin er hituð með ofnum í öllum helstu rýmum. Byggingin verður ýmist loftræst með náttúrulegri loftræstingu um útidyr og glugga þar sem því verður komið við, eða með vélrænni loftræstingu í þeim rýmum sem ekki hafa opnanlega glugga eða hurðir.

7-LÓÐ. 57 bílastæði eru á lóðinni. Gert er ráð fyrir möguleika á einhverskonar hringkeyrslu um húsið. Sorpgámar verða staðsettir nálægt innkeyrslu á norðurhlið lóðarinnar.

6- STÆRÐIR SKV. SKRÁNINGARTÖFLU:
Heildarflatarmál / birt flatarmál: 1.736,2m2
Skiptarrúmmál: 5.546,191m3
Lóðarstærð er 3.309m2, nýtingarhlutfall=0,52

BRUNAVARNALÝSING

1. Byggingin er 2 hæðir, og skiptist fimm brunasamstæður. Á jarðhæð er aðstaða fyrir tónlistarmenn, en þar er fyrsta samstæðan 475m2 (æfingarými hægra megin og upptökuver), og önnur er 425m2 (æfingarými vinstra megin). Stigagangur telst ein samstæða (samtals 80m2), og efri hæð eru tvær samstæður auk stigagangs, önnur er 330m2 (vinnustofur listamanna) og hin er 425m2 (veitinga-aðstaða og fjölnotarými).

2. Sjálfstæð brunaviðvörunakerfi tengd viðurkenndri vaktstöð í samræmi við ÍST EN 54 og reglur Brunamálastofnunar verða til staðar í húsinu. Stjórnstöð verður staðsett í anddyri á jarðhæð.

3. Slöngukefli verða á báðum hæðum. Slöngukeflin eru sett upp þannig að brunaslöngur nái út í öll horn. Handslökkvitækjum verður komið fyrir í samráði við Eldvarnareftirlit.

4. Flóttahurðir skulu vera útbúnar með með neyðarhún eða "push-pad" skv. ÍST EN 179:1997. Ef um rafdrifnar hurðir eða rennihurðir er að ræða á flóttaleiðum, skal tryggja að þær opnist við straumrof og við boð frá reykskynjara.

5. Flóttaleiðir úr æfingarýmum og upptökuveri á jarðhæð eru um aðaldyr á norðurhlið og neyðarútganga á austur- og vesturhliðum. Brunaop eru í upptökuveri og æfingarýmum. Flóttaleiðir úr veitingarými verða um stigagang á norðurhlið og út á þaksvalir á suðurhlið. Flóttaleiðir úr vinnustofum listamanna verða um stigagang á norðurhlið, og um neyðarútgang út á svalir á austurhlið. 1200mm radius hringstigar verða af svölum niður á jörð. Hringstigar verða læstir fyrir almenning að þaki og svölum.

6. Útljósum og neyðarlýsingu skv. byggingareglugerð og ÍST EN1838 verður komið fyrir í samráði við Eldvarnareftirlit.

7. Reykskynjarar sem tengjast stjórnstöð verða í öllum helstu rýmum.

**TÁKN:**

| | |
|---|---|
| Veggir og hæðaskil með merktri brunamótstöðu. | EI-60 |
| Hurðir og gluggar með merktri brunamótstöðu. | A-EICS-60 |
| Rýmingarleið. | - - - ➔ |
| Útljós. | ÚT ➔ |
| Reykskynjari. | R |
| Brunaslanga. | 30 m |
| Stjórnstöð brunavarna | ! |
| Loftræst rými. | LR |
| Niðurfall | NF |
| Þakniðurfall | ÞNF |

**SKÝRINGAR:**

HV= Inntak hitaveitu
VV= Inntak vatnsveitu
RV= Inntak rafveitu
S= Inntak síma
NF= Niðurfall
LR= Loftræst rými

**KÓLNUNARTÖLUR (hámarksgildi):**

| | |
|---|---|
| Útveggir | 0.4 W/m2K |
| Útv. (vegið meðaltal) | 0.85 W/m2K |
| Þak | 0.2 W/m2K |
| Gólf á fyllingu | 0.3 W/m2K |
| Gluggar og gler | 2.0 W/m2K |
| Hurðir | 3.0 W/m2K |

aOK!
VERKSTÆÐI ARKITEKTA ehf - Gunnarssundi 5 - 220 Hfj. - sími: 565 9779
KÁRI EIRÍKSSON arkitekt FAÍ - kt: 070365-4059 - email: kari@aok.is - www.aok.is

verk: **MIÐHELLA - Listamiðstöð**
teikning: **Grunnmynd neðri hæðar**
blaðstærð: A1
**AÐALUPPDRÁTTUR**
mkv: 1:100
hannað: KE
teiknað: KE
**0709 201**
dags. 3.sept.2007
prentað 17.sept.2007

Öll mál eru í millimetrum. Öll vafaatriði skal bera undir hönnuð. Mælið ekki af teikningum, öll mál athugist á staðnum. Öll afnot og afritun teikningar, að hluta eða í heild, er háð skriflegu leyfi höfundar.